

Hafnarfirði 25 janúar 2015

Kæru fræðsluráðsfulltrúar,

Með bréfi þessu viljum við lýsa þeirri óvæntu stöðu sem komin er upp í samstarfi okkar við Hafnarfjarðarbæ og okkar sýn á þá ákvörðun sem okkur var kynnt á fundi með embættismönnum Hafnarfjarðarbæjar sl. föstudag.

Ungbarnaleikskólinn Bjarmi var stofnaður árið 2008. Stofnendur leikskólans voru undirritaðar Helga Björg Axelsdóttir og Svava Björk Mörk. Við erum menntaðir leikskólakennarar og störfuðum báðar um langt árabil hjá Hafnarfjarðarbæ. Þar komum við meðal annars að þróun þjónustu við yngsta aldurshópinn og að undirbúningi að stofnun og rekstri ungbarnadeilda.

Leikskólinn er svokallaður sjálfstæður leikskóli sem rekinn er á grundvelli þjónustusamnings við Hafnarfjarðarbæ. Í samningnum felst að við berum ábyrgð á rekstrinum og framkvæmd þjónustunnar sem Hafnarfjarðarbær fjármagnar eins og ef um bæjarrekinn leikskóla væri að ræða.

Bjarmi hefur skapað sér orðspor sem faglegur leikskóli sem er leiðandi í leikskólastarfi með yngri börnum. Leikskólinn er eftirsóttur vinnustaður sem endurspeglast meðal annars í háu hlutfalli fagmenntaðra starfsmanna, en það hefur verið á bilinu 70-100 % allan þann tíma sem skólinn hefur verið starfandi. Á sama tíma hefur hlutfall fagmenntaðra starfsmanna flestra annarra leikskóla í Hafnarfirði verið töluvert mikið lægra og almennt undir því viðmiði sem sett er í lögum um leikskóla.

Það hefur verið stefna leikskólans frá upphafi að þar starfi fyrst og fremst uppeldismenntað starfsfólk sem hafi menntað sig til starfa með börnum eða hafi að baki menntun og reynslu sem nýtist í starfi með þeim. Við höfum sömuleiðis lagt ríka áherslu á mikilvægi þess að í starfsmannahópnum sé fjölbreytt þekking og reynsla en frá upphafi hafa flestir starfsmenn verið útskrifaðir leikskólakennarar en aðrir starfsmenn hafa meðal annars verið menntaðir grunnskólakennarar, í þrótafræðum, tónlistarkennslu, uppeldisfræðum og félagsfræði.

Við höfum frá upphafi leitast við að nýta vel þá takmörkuðu fjármuni sem við höfum haft til ráðstöfunar í rekstri Bjarma. Tekjur leikskólans eru ákveðnar í samningi við Hafnarfjarðarbæ og byggja á sömu forsendum og ákvarðaðar fjárheimildir annarra leikskóla í Hafnarfirði, þ.e. á grundvelli fjölda barna, aldurs þeirra, dvalartíma og hlutfalls fagmenntaðra starfsmanna. Við höfum alltaf sýnt ráðdeild í rekstri Bjarma og ef tekist hefur að skapa einhvern afgang þá hefur hann verið nýttur til að bæta þjónustuna.

Í tengslum við síðustu endurnýjun samnings okkar við Hafnarfjarðarbæ leiddi formlegur samanburður í ljós að þegar borinn er saman kostnaður Hafnarfjarðarbæjar á barngildi miðað við sama hlutfall fagmenntaðra starfsmanna þeirra 18 leikskóla sem voru starfandi í bænum á þeim tíma reyndist Bjarmi 6. ódýrasti leikskólinn í Hafnarfirði.

Leikskólagjöld á Bjarma eru þau sömu og í öðrum leikskólum í Hafnarfirði og er ákvörðun þeirra í höndum Hafnarfjarðarbæjar. Sömuleiðis hefur Hafnarfjarðarbær séð alfarið um innritun barna á Bjarma og ákveður því hvaða börn fá þar pláss og hvenær. Nýting plássá á Bjarma hefur alla tíð verið góð, enda framboð af leikskólaplássum fyrir þennan aldurshóp verið takmarkað í Hafnarfirði.

Í liðinni viku fengum við sendan tölvupóst frá Hafnarfjarðarbæ þar sem við vorum boðuð á fund með rúmlega sólarhringsfyrirvara. Í fundarboðinu kom fram að til stæði að ræða við okkur um fjölda leikskólabarna á næsta ári. Á fundinum var okkur hins vegar tilkynnt um þá ákvörðun fulltrúa meirihlutans í bæjarstjórn að segja upp samningi við okkur og að tillaga þess efnis yrði lögð fram á fundi fræðsluráðs þremur dögum síðar, þ.e. á morgun. Einu rökin sem okkur voru kynnt fyrir þessari ákvörðun voru þau að börnum á leikskólaaldri hefði fækkað milli ára í Hafnarfirði og bæjarstjórnin hefði af þeirri ástæðu samþykkt að draga samsvarandi úr rekstrarumfangi leikskólastigsins í bænum. Enginn fulltrúi frá meirihlutanum sat fundinn, né heldur bæjarstjóri.

Við höfum ekki fundið annað en góða straua gagnvart okkar starfsemi á undanföllum árum, hvort sem er hjá íbúum eða bæjaryfirvöldum. Þessi ákvörðun kemur okkur því mjög á óvart og eflaust mörgum öðrum í bænum okkar, enda mátti skilja það af umræðunni í aðdraganda síðustu kosninga að allir flokkar væru á því að efla þyrfti þjónustu leikskóla við þennan aldurshóp.

Við viljum taka það fram að við gerum ekki athugasemd við þá ákvörðun Hafnarfjarðarbæjar að segja upp samstarfi við okkur með eðlilegum fyrirvara. Það er sjálfstæður og samningsbundinn réttur hvors aðila fyrir sig að. Eftir 7 ára samstarf hefðum við hins vegar ekki búist við því fyrirfram að samstarfi okkar myndi ljúka með þeim hætti sem hér er lýst, án nokkurra viðræðna. Við vitum að sjálfsgöðu ekki hversu ítarlega fræðsluráð hefur farið í gegnum forsendur samstarfs okkar eða hvernig staðið hefur verið að rökstuðningi þessarar ákvörðunar. Það eina sem við vitum er að ekkert samband hefur verið haft við okkur eða við boðuð til viðræðna eða til kynningar á okkar starfsemi.

Síðustu 7 ár höfum við átt gott og farsælt samstarf. Okkur hefur tekist af metnaði og áhuga að byggja upp þjónustu sem litið er til sem fyrirmyndar langt út fyrir bæinn okkar. Við höfum staðið við allar okkar samningsbundnu skyldur gagnvart Hafnarfjarðarbæ og ætíð verið tilbúnar til viðræðna og samráðs um breytingar á samstarfinu hafi það hentað aðstæðum og þörfum Hafnarfjarðarbæjar.

Okkur þykir að sjálfsgöðu gífurlega vænt um það frumkvöðlastarf sem hefur verið unnið á Bjarma og verði þetta niðurstaðan þá munu auðvitað margir sjá eftir því og þeirri faglegu framsýni sem einkennt hefur uppbyggingu leikskólans. Í þessi ár sem við höfum starfað höfum við verið leiðandi hér á landi í þróun þjónustu við þennan aldurshóp. Við höfum miðlað þeirri reynslu með fjölda fagfólks og með fulltrúum annarra sveitarfélaga sem hafa litið til okkar sem fyrirmyndar.

Við höfum ítrekað boðið Hafnarfjarðarbæ að skoða útvíkkun á starfsemi okkar, stækkun leikskólans eða mögulegan flutning í annað og betra húsnæði. Við höfum sýnt því skilning að bærinn sé ekki endilega í stakk búinn að byggja nýtt sérhannað húsnæði undir starfseminni eins og sakir standa og höfum því opnað á þann möguleika að koma sjálf að því með einum eða öðrum hætti.

Við erum hér eftir sem hingað til tilbúnar að veita fræðsluráðsfulltrúum allar upplýsingar sem þeir kunna að þurfa til að sinna hlutverki sínu og taka upplýstar ákvarðanir. Við erum tilbúnar að svara öllum þeim spurningum sem þið mögulega hafið um starfsemi okkar og rekstur og eru tilbúnar að koma til fundar við ráðið þegar og ef þess verður óskað.

Með vinsemd og virðingu,  
Helga Björg og Svava Björg